

ELDFJALLASAFN

OPNAR 31. MAÍ 2009
Í STYKKISHÓLMI

Kynningarsýningin er undirbúningur að stofnun Eldfjallasafns í Stykkishólmi í náinni framtíð, þar sem margir þættir eldfjalla og virkni þeirra verða skoðuð í ljósi lista, vísindanna, bókmennta og umhverfisáhrifa. Á Eldfjallasafni er kynning flutt daglega af Haraldi Sigurðssyni á íslensku og ensku, um eldgos og áhrif þeirra, ásamt fræðslu um jarðfræði sem hentar fólki og nemendum með litla eða enga þekkingu á þessu sviði.



Á Hvítasunnu 31. maí 2009 verður opnuð kynningarsýning á Eldfjallasafni í Stykkishólmi, og verður hún opin þar til í byrjun september 2009.

Á sýningunni er alþjóðasafn af listaverkum, fornum og nýjum, sem sýna eldgos, og einnig munir, forngripir, minjar og steintegundir úr einstöku safni Haraldar Sigurðssonar prófessors, sem hefur stundað eldfjallarannsóknir í yfir fjörutíu ár um allan heim. Verk frá Japan, Ítalíu, Indónesíu, Íslandi, Mið- og Suður-Ameríku, Karíbahafi, Mexíkó ofl.



ELDFJALLASAFN
Aðalgata 8,
340 Stykkishólmur
sími/tel 433 8154
safn@eldfjallasafn.is
www.eldfjallasafn.is

ELDFJALLASAFN

OPNAR 31. MAÍ 2009
Í STYKKISHÓLMI



**Einstæð alþjóðasýning á
listaverkum og munum tengdum
eldgosum og áhrifum þeirra.**

Haraldur Sigurðsson
prófessor og eldfjallafræðingur
veitir leiðsögn um sýninguna.

FRÆÐSLUFERÐIR UM SNÆFELLSNES

JARÐFRÆÐI, ELDFJÖLL OG SAGA



Sumarið 2009 stendur Eldfjallasafn í Stykkishólmi fyrir fræðsluferðum um Snæfellsnes á mánudögum og þriðjudögum, þar sem Nesið er skoðað og fjallað er um jarðfræði og eldfjöll undir handleiðslu eins mesta sérfæðings á þessu sviði.

Einnig er rætt um þá auðlegð sem Nesið hefur að geyma í tengslum við Íslendingasögur.

Snæfellsnes býður upp á ótrúlega fjölbreytni í jarðfræði, og má með sönnu segja að Snæfellsnes sé einskona vasabókarútgáfa af jarðfræði Íslands, auk fráberrar náttúrufegurðar. Farin er hringferð um Snæfellsnes, og er ferðin um átta tímar alls. Stoppað verður á öllum helstu jarðfræðistöðum á Neginu, og veitir Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur ítarlega leiðsögn. Ferðin er ekki aðeins kynnisferð, heldur skipulögð þannig að hún skilur eftir heilsteypta mynd af jarðfræði og landmótun í lok ferðarinnar hjá hverjum þátttakanda. Höfuðþættir í jarðsögu eru kannaðir, Tertíera blágrýtismyndunin, jökulberg og setmyndanir með skeljalögum frá ísöld, myndun móbergs, og hraun og gjóskuberg frá nútíma. Auk þess fá þátttakendur tækifæri til að skoða djúpberg og innskot af granófyrr og gabbró. Þannig er hver ferð, ásamt fyrirlesturum í Eldfjallasafni í Stykkishólmi, einskona námskeið um jarðfræði Íslands. Merkir staðir í jarðfræði Íslands verða kannaðir í ferðinni, þar á meðal Drápuhlíðarfjall, Kerlingarfjall, Snæfellsjökull, Búlandshöfði, Berserkjahraun og fleiri.

Farið er í stuttar gönguferðir á þessum stöðum.

Snæfellsnes er sögu svið Eyrbyggju og Bárðar sögu Snæfellsáss, og verður vettvangur þeirra kynntur á leiðinni. Fræðsluferðir eru farnar á mánudögum og þriðjudögum.

Innifalið: Akstur, nesti, leiðsögn um jarðfræði og sögu, heimsókn í Eldfjallasafn í Stykkishólmi.

Nesti: Samloka, ávextir, jógúrt, heitur drykkur, ávaxatasafi.

Lengd ferðar u.þ.b. 8 klukkutímar.

Verð 13.000 kr. á mann.



ELDFJALLASAFN

Aðalgata 8,
340 Stykkishólmur
sími/tel 433 8154
safn@eldfjallasafn.is
www.eldfjallasafn.is